

AUGLÝSING

um deiliskipulag „Græns miðbæjar á Álftanesi“, Sveitarfélaginu Álftanesi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness samþykkti þann 26. júní 2008 nýtt deiliskipulag „Grænn miðbær á Álftanesi“. Um er að ræða heildarendurskoðun deiliskipulags sem fellir úr gildi deiliskipulag miðsvæðis sem samþykkt var 21. febrúar 2006 á svæði norðan Suðurnesvegar og hluta af deiliskipulagi miðsvæðisreits, samþykkt 1. júlí 1999 með síðari breytingum. á svæði sunnan Suðurnesvegar.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast til austurs af Álftanesvegi og Norðurnesvegi, til suðurs af opnu svæði að stjórnsýslumörkum Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness, til vesturs og suðurs af íbúðasvæði við Kirkjubrú, til vesturs af Breiðumýri og norðanverðu Sviðholti og til norðurs af Breiðumýri, skóla- og íþróttasvæði, Skólatúni og Suðurtúni.

Deiliskipulagið tekur til verslunar-, þjónustu- og íbúðasvæða á miðsvæði Álftaness. Á norðanverðu miðsvæði er m.a. gert ráð fyrir verslunar-, þjónustu- og íbúðasvæði, markaðs- og ráðhústorgi, vatnsrásum og grænum svæðum. Á sunnanverðu svæðinu er gert ráð fyrir menningar- og náttúrusetri og hóteli.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Um leið fellur úr gildi deiliskipulag miðsvæðis sem samþykkt var 21. febrúar 2006 og sá hluti deiliskipulags miðsvæðisreits, samþykktur 1. júlí 1999 með síðari breytingum, sem ofangreint deiliskipulag nær yfir.

Álftanesi, 2. júlí 2008.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Álftaness,

Pálmi Þór Másson

skrifstofustjóri.